

FYLGISEDILL FYRIR:
Calcimag vet „Kela“
12,8 mg Ca/ml, 2,87 mg Mg/ml, innrennslislyf, lausn fyrir nautgripi og sauðfé

1. HEITI OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA OG ÞESS FRAMLEIÐANDA SEM BER ÁBYRGÐ Á LOKASAMÞYKKT, EF ANNAR

KELA N.V.
St. Lenaartseweg 48
2320 Hoogstraten
Belgía

2. HEITI DÝRALYFS

Calcimag vet „Kela“
12,8 mg Ca/ml, 2,87 mg Mg/ml, innrennslislyf, lausn
fyrir nautgripi og sauðfé

3. VIRK(T) INNIHALDSEFNI OG ÖNNUR INNIHALDSEFNI

Virk innihaldsefni:

Einn ml inniheldur
Kalsíumklóríðdíhýdrat 46,965 mg, þar af 12,8 mg Ca/ml
Magnesíumklóríð 24 mg, þar af 2,87 mg Mg/ml

Hjálparefni:

Metýlparahýdroxýbenzóat (E 218)
Vatn fyrir stungulyf að 1 ml

4. ÁBENDING(AR)

Lækkað kalsíum í blóði og lækkað magnesíum í blóði, t.d fæðingarlömun og graskrampi.

5. FRÁBENDINGAR

Á ekki að nota við hækkað kalsíum í blóði og hækkað magnesíum í blóði.

6. AUKAVERKANIR

Of hratt innrennsli lausnar sem inniheldur kalsíumsölt getur orsakað hjartsláttartruflanir eða hjartastopp. Ef innrennsli er of hratt eða við hugsanlega ofskömmtnun magnesíumklóríðs, geta komið fram einkenni um miðtaugakerfisbælingu. Innrennsli utan æðar veldur ertingu í vef.

Gerid dýralækni viðvart ef vart verður alvarlegra aukaverkana eða aukaverkana sem ekki eru tilgreindar í fylgiseðlinum.

7. DÝRATEGUND(IR)

Nautgripir og sauðfé

8. SKAMMTAR FYRIR HVERJA DÝRATEGUND, ÍKOMULEIÐ(IR) OG AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF

1ml/kg líkamsþunga hægt í bláæð (nautgripir 500 ml, sauðfé 50 – 75 ml). Má einungis gefa í bláæð.

9. LEIÐBEININGAR UM RÉTTA LYFJAGJÖF

Innrennsli í bláæð verður að gefa hægt og fylgjast skal með hjartslætti á meðan innrennsli stendur. Ef til hjartsláttartruflana kemur verður að stöðva innrennslið. Lyfið er ætlað til notkunar í eitt skipti. Fargið lyfjaleifum.

10. BIÐTÍMI FYRIR AFURÐANÝTINGU

Kjöt og innmatur, mjólk: núll dagar.

11. GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Geymið ekki við hærri hita en 25°C.

Geymið varið ljósi.

Geymsluþol : 2 ár.

Fargið lyfjaleifum.

12. SÉRSTÖK VARNADARORÐ

Sérstök varnaðarorð fyrir hverja dýrategund:

Engin.

Sérstakar varúðarreglur við notkun hjá dýrum:

Innrennsli í bláæð verður að gefa hægt og fylgjast skal með hjartslætti á meðan innrennsli stendur. Ef til hjartsláttartruflana kemur verður að stöðva innrennslið.

Sérstakar varúðarreglur fyrir þann sem gefur dýrinu lyfið:

Lyfið er ætlað til notkunar í eitt skipti. Fargið lyfjaleifum.

Meðganga, mjólkurgjöf:

Má nota á meðgöngu.

Má nota meðan á mjólkurgjöf stendur.

Reynsla eftir mikla notkun lausna sem innihalda kalsíum/magnesíum hjá dýrum á meðgöngu og mjólkandi dýrum sem og einstaka rannsóknir þar sem kýr, rottur og kanínur hafa fengið kalsíumklóríð og magnesíumklóríð, benda til að ekki sé búist við að kalsíum/magnesíumlausnir sem gefnar eru móðurdýri hafi óæskileg áhrif á fóstur eða afkvæmi sem eru á spena.

Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir:

Lyfið skal ekki gefa samtímis hjartaglykósíðum, adrenvirkum lyfjum, metýlxantínum, amínóglykósíðum eða tetracyklínnum.

Ofskömmun (einkenni, bráðameðferð, móteitur):

Of hratt innrennsli getur valdið hækkun kalsíum í blóði sem getur orsakað hjartsláttartruflanir eða hjartastopp. Fylgjast skal með hjartslætti á meðan innrennsli stendur. Ef til hjartsláttartruflana kemur verður að stöðva innrennslið. Ef innrennsli er of hratt eða hugsanlega við ofskömmun magnesíumklóríðs, geta komið fram einkenni um miðtaugakerfisbælingu.

Ósamrýmanleiki:

Ekki má blanda þessu dýrallyfi saman við önnur dýrallyf, vegna þess að rannsóknir á samrýmanleika hafa ekki verið gerðar.

13. SÉRSTAKAR VARÚÐARREGLUR VEGNA FÖRGUNAR ÓNOTADRA LYFJA EÐA ÚRGANGS, EF VIÐ Á

Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

14. DAGSETNING SÍÐUSTU SAMÞYKKTAR FYLGISEÐILSINS

IS/2/03/003/01

8. júlí 2016

15. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Hafið samband við fulltrúa markaðsleyfishafa á hverjum stað ef óskað er upplýsinga um lyfið:

Icepharma hf.
Lynghálsi 13
110 Reykjavík